

Minnisblað

Til: bæjarráð
Frá: Eyþór Guðmundsson
Dags. 4. maí 2026
Mnr. 2026020049



ÍSAFJARÐARBÆR

1. Tilefni og forsendur

Í undirbúningi útboðsins var gert ráð fyrir að bjóðendur legðu fram lausnir sem uppfylltu annars vegar kröfur UEFA Stadium Lighting Guide (stig D) og hins vegar kröfur KSÍ samkvæmt reglugerð um knattspyrnuleikvanga, þar sem völluminn fellur undir KSÍ flokk B með kröfu um að lágmarki 800 lux keppnislýsingu.

Við meðferð fyrirspurna á útboðstíma kom í ljós að erfitt gæti reynst að uppfylla báðar þessar kröfur samtímis innan þeirra forsendna sem útboðsgögn miðuðu upphaflega við, þ.e. lausn með fjórum ljósamöstrum og takmarkaðri mastahæð. Af þeim sökum taldi verkkaupi rétt að heimila, með fyrirspurnum og svörum, afmörkuð frávíkstilboð, þ.e. frávíkstilboð sem miða að því að uppfylla kröfur UEFA Stadium Lighting Guide (stig D) með frávikum frá upphaflegum forsendum um fjölda og/eða hæð ljósamastra, hvort heldur sem væri með því að fjölga ljósamöstrum eða hækka þau, enda væru slík frávík skýrt tilgreind.

Með þessu var markmiðið að fá fram verð í annars vegar tæknilega útfærslu sem uppfyllir kröfur KSÍ með fjórum ljósamöstrum og hins vegar tæknilega útfærslu sem uppfyllir kröfur UEFA með frávikum, til að gera verkkaupa kleift að bera saman ólíkar tæknilegar lausnir með tilliti til krafna, gæða og kostnaðar, án þess að draga úr gagnsæi í samanburði tilboða.

2. Yfirferð tilboða

Tilboðum var skilað innan tilboðsfrests frá fjórum bjóðendum og alls bárust átta tilboð. Annars vegar bárust tilboð sem uppfylla kröfur útboðsgagna samkvæmt KSÍ, með lausn sem gerir ráð fyrir fjórum ljósamöstrum, og hins vegar tilboð sem sett voru fram sem frávíkstilboð í samræmi við heimildir sem veittar voru í fyrirspurnum og svörum, og miða að því að uppfylla kröfur UEFA Stadium Lighting Guide (stig D).

Við mat á tilboðunum var greint á milli:

- tilboða sem uppfylla kröfur KSÍ samkvæmt útboðsgögnum með lausn með fjórum ljósamöstrum,
- gildra frávíkstilboða sem byggja á UEFA-lausnum með auknum fjölda og/eða hæð ljósamastra,

- og tilboða sem uppfylla hvorki kröfur KSÍ né UEFA, eða falla utan heimilaðra frávíka og/eða annarra ófrávikjanlegra krafna í ljósaönnun, og teljast því ógild.

Við mat á frávikstilboðum var jafnframt tekið tillit til þess að búið er að steypa fjórar undirstöður fyrir 24 metra möstur samkvæmt upphaflegum forsendum útboðsgagna. Lausnir sem gera ráð fyrir sex ljósamöstrum eða fela í sér hækkun mastra hafa því óhjákvæmilega í för með sér aukinn kostnað fyrir Ísafjarðarbæ, m.a. vegna nýrra eða stækkaðra undirstaða og lagningar tilheyrandi lagna. Þetta var skýrt tekið fram í fyrirspurnum og svörum á útboðstíma, þar sem áréttað var að slíkur viðbótarkostnaður skyldi tekinn til greina við samanburð tilboða og lagður til grundvallar mati á heildarkostnaði.

Tilboð sem uppfylla kröfur KSÍ – 4 ljósamöstur

Bjóðandi	Valkostur	Fjöldi ljósamastra	Tilboðsfjárhæð (kr. m/VSK)	Staða tilboðs
Metatron / Iðnafl	KSÍ 800 lux	4	56.656.363	Gilt tilboð
Rafskaut	KSÍ 800 lux	4	57.177.050	Gilt tilboð
Rafskaut	Frávik : max 500 lux	4	53.739.770	Ógilt
Altis	UEFA / KSÍ (sama verð)	4	86.992.924	Gilt tilboð

Gild frávikstilboð – UEFA lausnir með 4-6 ljósamöstrum

Bjóðandi	Valkostur	Fjöldi ljósamastra	Tilboðsfjárhæð (kr. m/VSK)	Áætlaður kostnaðarauki fyrir Ísafjarðarbæ	Samtals heildarkostnaður	Staða tilboðs
Metatron / Iðnafl	UEFA-D 800 lux	6	73.955.152	5.865.490	79.820.642	Gilt frávikstilboð
Rafskaut	UEFA	6	68.728.438	5.865.490	74.593.928	Gilt frávikstilboð
Rafskaut	UEFA	6	100.405.503	5.865.490	106.270.993	Gilt frávikstilboð

*Vallarverk hækkar meira vegna þess að stækka þarf 4 undirstöður ef möstrin verða 26 m há eins og fram kemur í tilboðinu.

Vallar Verk	UEFA / KSÍ	4	66.500.000	8.798.235*	75.298.235	Gilt frávíkstilboð
-------------	------------	---	------------	------------	------------	--------------------

Samkvæmt mati tilboða stendur Metatron / Iðnafl sterkastur í gæðamati búnaðar og reynslu, m.a. þar sem framlagðar hönnunarskýrslur eru ítarlegar, sýna lýsingargildi og glýju (GR) og fram kemur sérstök frammistöðutrygging. Á grundvelli þessa telst Metatron / Iðnafl hagstæðastur m.t.t. heildarmats á gæðum og hæfi. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 70 m.kr. vegna vallarlýsingar á knattspyrnuvelli á Torfnesi. Með því að ganga til samninga við Metatron / Iðnafl um lausn með fjórum ljósamöstrum að heildarupphæð 56.656.363 kr. (m/VSK), skapast svigrúm innan fjárhagsrammans til að mæta verkliðum verkkaupa sem ekki eru hluti útboðs.

*Vallarverk hækkar meira vegna þess að stækka þarf 4 undirstöður ef möstrin verða 26 m há eins og fram kemur í tilboðinu.